

## Ákvörðun Einkaleyfastofu

í andmælamáli

nr. 7/1999

Hekla hf.

gegn

Bakaríinu Austurveri

### **Málsatvik:**

Þann 31. maí 1996 lagði Hörður Kristjánsson, Laxakvísl 29, 112 Reykjavík, inn umsókn um skráningu á vörumerkinu BRAUDHEKLA (orðmerki) f.h. Bakarísins Austurveri, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík. Umsókninni var gefið númerið 685/1996. Óskað var skráningar fyrir vörur í flokki nr. 30. Merkið var birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 21. október 1996.

Með bréfi, dags. 5. desember 1996 andmælti Árnason & co., fyrir hönd Heklu hf., Laugavegi 170-174, 105 Reykjavík, skráningu merkisins. Andmælin byggjast á ruglingshættu við skráð vörumerki andmælanda nr. 293/1975, HEKLA (orðmerki), sbr. 2. tl. og 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968

Greinargerð andmælanda, dags. 4. febrúar 1997, sem barst Einkaleyfastofunni 6. febrúar s.á., var send umsækjanda og var honum veittur frestur til að leggja inn greinargerð til 6. júní 1997. Engar athugasemdir bárust frá umsækjanda.

### **Málsástæður og lagarök**

Andmælandi bendir á að hann eigi skráð vörumerkið HEKLA (orðmerki) fyrir flokka 1 - 42. Vörulíking sé því til staðar í skilningi 1. mgr. 6. gr. vml.

Andmælandi telur að megináherslan í merkinu BRAUÐHEKLA sé á orðinu HEKLA enda sé orðið BRAUÐ lýsandi, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. Það sé því mat andmælanda að augljós ruglingshætta sé til staðar milli vörumerkis andmælanda, HEKLA, og vörumerkis umsækjanda, BRAUÐHEKLA, skv. umsókn nr. 685/1996.

Þá bendir andmælandi á að umsækjandi sé grandsamur um rétt andmælanda skv. framangreindu, sbr. bréf andmælanda til umsækjanda frá 29. mars 1996 og kassakvittun frá 28. desember 1996, sem sýnir að umsækjandi noti heitið HEKLUBRAUÐ þrátt fyrir framangreind andmæli Heklu hf.

Engar athugasemdir bárust frá umsækjanda.

## **Niðurstaða**

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins BRAUÐHEKLA (orðmerki), skv. umsókn nr. 685/1996, fyrir vörur í flokki 30. Andmælin byggjast á ruglingshættu við skráð vörumerki umsækjanda, HEKLA (orðmerki) nr. 293/1975 fyrir allar vörur í flokkum 1 - 42. Ljóst er því að vörulíking er til staðar.

Um er að ræða annars vegar orðmerkið BRAUÐHEKLA og hins vegar orðmerkið HEKLA. Orðmerkið BRAUÐHEKLA er samsett úr hinu almenna orði BRAUÐ og sérheitinu HEKLA. Hinn sérkennandi hluti merkisins BRAUÐHEKLA verður að teljast síðari hluti þess, HEKLA. Fyrri hluti merkisins, BRAUÐ, vísar hins vegar aðeins til þeirrar tegundar vöru sem óskað er skráningar á.

Þegar litið er á heildarmynd ofangreindra merkja, vörulíkingu, sjón- og hljóðlíkingu og þar með að hinn sérkenndi hluti merkisins BRAUÐHEKLA sé eins og merki andmælanda, HEKLA, verður að telja ruglingshættu vera með merkjunum.

Með hliðsjón af framangreindu er skráningu á merkinu BRAUÐHEKLA, skv. umsókn nr. 685/1996 hafnað.

Vegna mikilla anna hefur ekki verið unnt að kveða upp úrskurð í máli þessu fyrr en nú.

## **Ákvörðunarorð.**

Skráningu merkisins BRAUÐHEKLA (orðmerki) skv. umsókn nr. 685/1996 er hafnað.

Reykjavík 9. apríl 1999.

---

Borghildur Erlingsdóttir, lögfr.